

Fundargerð – 550. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 12. september 2023, kl. 16:30 í fundarsal Kölku í Helguvík.

Mættir: Ingbór Guðmundsson, Eiður Ævarsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir, Steinþór Þórðarson, Svavar Grétarsson og Önundur Jónasson.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra.
2. Ílátakaup, raunkostnaður og útfærsla gjaldtöku.
3. Viðhald og áreiðanleiki.
4. Endurskoðun umhverfisstefnu og markmiða Kölku.
5. Áætlun fyrir 2024. Undirbúningur og upphaf áætlunarferlis.
6. Önnur mál.

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundu. Framkvæmdastjórinn fór yfir öryggis- og starfsmannamál, brennsluna í júlí og ágúst, tilraunir með nýtt efni, útboð og bæjarsamþykkt hjá Reykjanesbæ sem ætti að vera góð fyrirmynd fyrir hin sveitarfélögin. Framkvæmdastjórinn fór einnig yfir kolefnisföngun og hugsanleg uppbygging í Helguvík.

2. Ílátakaup, raunkostnaður og útfærsla gjaldtöku.

Framkvæmdastjóri fór yfir fundinn sem hann tók með Kristjáni endurskoðanda Kölku. Þar var rætt um fjármögnun Kölku á ílátunum. Kalka getur fjármagnað kaupin og sveitarfélögin geta nýtt innviðaframlög frá Úrvinnslusjóði til að greiða þau niður á 10-15 árum. Framkvæmdastjórinn upplýsti að úrvinnslusjóðurinn vinni nú að útfærslum á þessum framlögum en lagt er upp með að sveitarfélögin geti fjármagnað þessi kaup með láni með allt að 7% vöxtum. Með því að fjármagna kaupin með veltufé frá rekstri Kölku opnast ávöxtunartækifæri og tækifæri til að forðast óþarfa lántöku hjá sveitarfélögunum.

Eftir góða umræðu var ákveðið að stjórn Kölku myndi leggja til við sveitarfélögin á Suðurnesjum að við kaup á söfnunarílatum (heimilissöfnun) yrði sterk lausafjárstaða Kölku notuð til að auðvelda kaupin.

Framkvæmdastjórinn fór yfir nýjan kostnaðargrunn sorphirðu sem skipt er upp í þrjá liði. Stjórn átti góða umræðu um hvernig þessum kostnaði skuli hagað. Stjórn Kölku hvetur því sveitarfélögin til að skoða vel þann möguleika að festa 50% gjalda samkvæmt BÞHE.

3. Viðhald og áreiðanleiki

Framkvæmdastjórinn fór yfir viðgerðarstopp og óvæntar skemmdir í eldmúr. Framkvæmdastjóri fór einnig yfir vinnustofu sem var haldin fyrir hluta starfsmanna brennslunar.

4. Endurskoðun umhverfisstefnu og markmiða Kölku

Stjórn fór yfir umhverfisstefnu og markmið Kölku. Umhverfisstefnan var samþykkt án breytinga. Varðandi umhverfismarkmiðin þá var bent á að breyta þurfi markmiðum Kölku í flokkun frá heimilunum. Stjórn ræddi möguleikann að fá rauntölur um flokkun á stjórnarfundum. Framkvæmdastjórinn ætlaði að kanna þann möguleika. Bent var á að eitt af markmiðum sjóðsins væri að taka saman niðurstöður lykilmælikvarða tvisvar á ári í febrúar og ágúst, en það var ekki gert á þessu ári. Ákveðið var að breyta dagsetningum og hafa frekar mars og september. Stjórn samþykkti slíkar tillögur. Að öðru leyti gerði stjórn ekki athugasemdir við umhverfismarkmiðin og samþykkti þau með fyrirvara um þessar breytingar.

5. Áætlun fyrir 2024. Undirbúningur og upphaf áætlunarferlis.

Framkvæmdastjóri fór yfir áætlun fyrir 2024. Byrjað er að skoða stóru myndina, straua inn og út. Einnig er í skoðun raunkostnaður út frá ýmsum sjónarhornum. Viðhaldsplan brennslu er í undirbúningi og fór framkvæmdastjóri yfir slíkt plan. Framkvæmdastjóri fór yfir grófa tímalínu fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

6. Önnur mál.

Engin mál voru undir önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:40.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 10. október 2023.

Fundargerð samþykkt með undirritun.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Eiður Ævarsson

Ingbór Guðmundsson

Steinþór Þórðarson